

**Sp.**

## **705. Tillaga til þingsályktunar**

um sölu á vélskipi til hlutafélagsins Borgey á Hornafirði.

Flm.: Ásmundur Sigurðsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að selja hlutafélaginu Borgey á Hornafirði 66 smálesta vélskip, er ríkisstjórnin hefur í smíðum, án þess að innheimta tilskilið framlag frá félaginu fyrr en að lokinni næstu síldarvertíð, enda verði skipið til afnota, ef þörf krefur, til vöruflytninga milli Hornafjarðar og annarra landshluta þá tíma árs, sem það stundar ekki veiðar.

### **Greinargerð.**

Hlutafélagið Borgey á Hornafirði var stofnað vorið 1946 og gerðist þegar kaupandi að einu hinna sænsku vélskipa, er ríkisstjórnin hafði til sölu. Var hafin almenn hlutafjársofnun í Hafnarhreppi til greiðslu á tilskildum hluta kaupverðs og heimsiglingarkostnaði frá Svíþjóð. Til þessa hvors tveggja hefur félagið greitt tæpar 90 þús. kr.

Með því hörmulega slysi, er varð, þegar vélskipið Borgey fórst, hefur félagið tapað þessu fé öllu. Var skipið vátryggt samkvæmt mati fyrir 500 þús. kr., þar af 10% eigin áhætta, sem skyldugt er. Mun vátryggingarféð auk framlags hlutafélagsins renna beint til ríkissjóðs upp í verð skipsins, þar sem félagið hafði ekki fengið afsal fyrir því, og var ríkissjóður því hinn raunverulegi eigandi þess.

Auk þessa hafði félagið greitt heimsiglingarkostnað, rúmar 31 þús. kr., auk ýmislegs annars kostnaðar.

Skipið stundaði síldveiðar s.l. síldarvertíð og vöruflytninga milli Hornafjarðar, Reykjavíkur og Austfjarða frá því að síldarvertíð lauk og þangað til það fórst. Þótt aflamagn skipsins yrði vel í meðallagi miðað við önnur skip, varð rekstrarhalli á starfseminni, er nam rúmum 36 þús. kr.

Hvíla því nokkrar skuldir enn þá á félaginu og munu ekki vera fyrir hendi möguleikar til að safna hlutafé að nýju til greiðslu á tilskildu framlagi á nýjan leik.

Kaup vélskipsins Borgeyjar var fyrsta tilraun til að efla atvinnulíf kaupsinsins með útgerð stærri vélskipa. Enn fremur bætti flutningastarfsemi mjög úr þeim erfiðleikum, sem héraðið á við að búa, hvað samgöngur snertir. Voru því mjög miklar vonir tengdar við þessa starfsemi, og væri það óbætanlegt tjón fyrir allt atvinnulífið á staðnum og þar með afkomu héraðsbúa, ef þessi fyrsta tilraun endar á þennan hátt.

Með tillögu þessari er þess farið á leit, að hið opinbera greiði fyrir félaginu með að eignast nýtt skip, með því að selja því eitt hinna stærri vélskipa, er smíðuð hafa verið innanlands á vegum íslensku ríkisstjórnarinnar, án þess að krefjast greiðslu á hinu tilskilda framlagi fyrr en að lokinni næstu síldarvertíð. Þar sem útlit er fyrir hátt verð á síldarafurðum, eru mjög miklar líkur til, að félagið gæti þannig unnið sig upp fjárhagslega, ef það fær tækifæri til að hefja starfsemi að nýju.